

61. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 23. ágúst 2012, kl.17:00 í félagsheimilinu Þórsveri Þórshöfn.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Ævar Rafn Marinósson, Steinunn Leósdóttir, Indriði Þórsoddsson, Reimar Sigurjónsson og Gunnólfur Lárusson sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

DAGSKRÁ:

1. **Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 16.08.2012**
Lögð fram til kynningar.
2. **Fundargerð fræðslunefndar, dags. 21.08.2012**
Samþykkt samhljóða.
3. **Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 22.08.2012**
Lögð fram til samþykktar.
Í fundargerðinni, undir lið 3, 4 og 5 eru tillögur US að svörum við athugasemdum sem ekki áttu við aðalskipulagið:

Númer athugasemda í bréfi frá Guðmundi Vilhjálmssyni, dags. 21. júní 2012:

- Nr. 2 - Skipulagsskylda hvílir á sveitarfélögum og nauðsynlegt var að vinna umrætt aðalskipulag.
- Nr. 3 - Það var búið að vinna að umræddu aðalskipulagi í langan tíma og ekki þótti ástæða til að bjóða verkið út.
- Nr. 4 - Fjárhagslegt hæfi Teikn á Lofti ehf. eða annarra aðila hefur ekki haft nein áhrif á skipulagsvinnuna.
- Nr. 6 - Aðalskipulagið hefur verið afgreitt lögum samkvæmt og ekki er vitað til þess að það stangist á við lög.
- Nr. 7 - Aðalskipulagið var ekki unnið af skipulags- og byggingarfulltrúa Langanesbyggðar. Sveitarstjórn tekur ákvörðun um það á hverjum tíma hvernig störfum hans er háttað á hverjum tíma. Með nútíma tækni er auðvelt að ná til manna sama hvar þeir eru staddir á landinu.
- Nr. 8 - Ekki er vitað til þess að önnur störf Halldórs Jóhannssonar hafi haft áhrif á vinnu hans við gerð aðalskipulags fyrir Langanesbyggð. Skipulagið var unnið eins og menn töldu best og réttast en eflaust geta menn haft skiptar skoðanir á því.
- Nr. 9 - Ekki þykir ástæða til að elta ólar við órökstuddar dylgjur í garð sveitarstjóra.
- Nr. 13 - Íbúar sveitarfélagsins geta ekki valið um það hvaða aðilar vinna að málum sem hugsanlega snerta þeirra hagsmuni. Ekki er annað vitað en störf Lilju Filippusdóttur í þágu sveitarfélagsins hafi verið með ágætum.
- Nr. 24 - Skipulagsvaldið og skipulagsskyldan er sveitarfélaga. Aðalskipulagið fyrir Langanesbyggð var unnið lögum samkvæmt.

- Nr. 25 - Hér koma fram persónulegar skoðanir þínar og þarfnast þessi athugasemd ekki svars.
- Nr. 34 - Hér koma fram persónulegar skoðanir þínar og þarfnast þessi athugasemd ekki svars.
- Nr. 36 - Sveitarstjórn ákveður hvernig athugasemdum við tillögu að aðalskipulagi er svarað.

Svör USB samþykkt með fimm atkvæðum. Einn sat hjá.

Númer athugasemda í bréfi frá Lögmenn Jónas og Jónas Þór sf., dags. 21. júní 2012. Borið undir fundinn um vanhæfni Reimars undir þessum lið. Samþykkt samhljóða. Reimar vék af fundi.

Nr. 8 - Jarðir umbjóðenda þinna hafa ekki verið markaðssettar erlendis af sveitarfélaginu Langanesbyggð. Bæklingur sem var settur á vefsíðuna www.drekiarea.is er frá því að upphafleg tillaga að aðalskipulagi fyrir Langanesbyggð var sett fram. Þar var aðeins sýnt hvernig upphaflega tillagan leit út á sínum tíma og m.a. sýnt að ákveðið svæði gæti orðið iðnaðarsvæði. Þar var ekkert fullyrt um að allt það svæði væri í eigu sveitarfélagsins sem hefði þar með umráðarétt yfir því öllu. Það skal tekið fram að upphaflegan tillagan tók breytingum við umfjöllun skipulagsyfirvalda þ.e. í skipulagsferlinu m.a. vegna athugasemda sem bárust við tillöguna. Umrætt iðnaðarsvæði minnkaði t.d. töluvert. Bæklingurinn verður uppfærður miðað við stöðu skipulagsvinnu og samþykktir sveitarstjórnar.

Nr. 12 - Endalegur kostnaður vegna aðalskipulags liggur ekki fyrir á þessari stundu.

Svör USB samþykkt með fimm atkvæðum.

Reimar kom inn á fundinn.

Ábendingar Björns Erlendssonar vegna aðalskipulags 2007-2027.

Fyrir fund US þann 26. júlí sl. lágu fyrir athugasemdir og ábendingar frá 15 aðilum en í ljós kom að ábendingar frá Birni vantaði þótt þær hafði borist innan tilskilins frests með tölvupóst 17. júní 2012. US harmar þau mistök sem leiddu til þess að þær ábendingar lágu ekki fyrir á fundinn er haldin var 26. júlí sl. og biður hlutaðeigandi afsökunar á því.

Óskað er eftir að koma eftirfarandi atriðum á framfæri:

Á bls. 110 í greinargerð með aðalskipulaginu segir:

„Á Heiðarfjalli og Gunnólfsvíkurfjalli stendur til að settar verði upplýsingar um sögu staðarins og útsýnisskífum komið fyrir því þaðan er mjög víðsýnt“.

Eigendur Eiðis I og Eiðis II telja æskilegt að draga úr umferð upp á þann hluta Heiðarfjalls sem er í landi Eiðis I og Eiðis II. Lengi hefur staðið til að loka veginum upp á Heiðarfjall á mörkum Eiðislandsins norðan megin í fjallinu. Meðal annars hefur meðferð skotvopna, sem vitað er að er oft í landi Eiðis I og Eiðis II uppi á fjallinu ofan við húsið á Eiði, haft truflandi áhrif á dvalargesti á staðnum undanfarin ár. Það skilja líka allir að auðvitað hefur það ónæði í för með sér fyrir okkur og dvalargesti á okkar vegum sem koma í heimsókn til að fá frið og ró, að umferð aukist beint fyrir ofan staðinn. Ef til stendur að settar verði upplýsingar um sögu staðarins og

útsýnisskífu komið fyrir í landi Eiðis I og Eiðis II á fjallinu og þar með beinlínis stýra meiri umferð inn á landið, þá vilja eigendur síður að það verði gert. Að þeirra mati er hins vegar eðlilegt að fjárfesta í slíkum búnaði á hábungu Gunnólfsvíkurfjalls því þaðan er mun víðsýnna en af Heiðarfjalli og staðurinn í opinberri eigu. Ef mikill áhugi er fyrir því að framkvæma þetta í landi Eiðis, þá myndu eigendur vilja ræða þetta við sveitarstjóra og hugmyndir sem þeir eru með í því sambandi.

US þakkar ábendinguna og felur sveitarstjóra og vera í sambandi við landeigendur vegna erindisins en ljóst er að Heiðarfjall gegnir mikilvægu hlutverki í ferðaþjónustu í Langanesbyggð.

Svör USB Samþykkt með fimm atkvæðum ein sat hjá.

Fundargerðin í heild sinni borinn upp og samþykkt samhljóða.

4. Umsókn um styrk.

Sveitarstjóra falið að kynna sér verkefnið fyrir næsta fund.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin upplesinn og samþykkt. Fundi slitið kl 17:41